

# Fagráð í hrossarækt

## 62. fundur

**Staður og stund:** Hvanneyri mánudagur 1. júlí 2013 kl. 13:00.

**Mættir:** Kristinn Guðnason (formaður), Guðlaugur V. Antonsson (ritari), Vignir Siggeirsson, Sigrún Ólafsdóttir, Víkingur Gunnarsson, Ísleifur Jónasson, Baldvin Ari Guðlaugsson og Guðný Helga Björnsdóttir.

### *Dagskrá*

1. Fundarsetning og lögð fram fundargerð nr. 61 frá 12. febrúar 2013 til samþykktar og undirritunar
2. Bréf frá Sigurði Jenssyni vegna sköpulagsdóms
3. Opið bréf til Fagráðs í hrossarækt
4. Önnur mál
  - Staða mála varðandi val kynbótahrossa á HM
  - Fyrstu drög að dagskrá LM 2014
  - Bréf frá stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands.

#### **1. Fundarsetning.**

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna, sér í lagi tvo nýja fagráðsmenn þau Baldvin Ara Guðlaugsson og Guðnýju Helgu Björnsdóttur. Lögð var fram fundargerð nr. 61 frá 12. febrúar til samþykktar og undirritunar, var hún samþykkt samhljóða.

#### **2. Bréf frá Sigurði Jenssyni vegna sköpulagsdóms.**

Bréf hafði borist frá Sigurði Jenssyni þar sem hann gerir athugasemd við að þegar sköpulagsdómur á hryssunni Snót IS2008249017 frá Laugabóli hafi verið lesinn upp við dóma á Selfossi 29. maí síðastliðinn hafi einkunnin 8,0 verið sögð einkunn fyrir háls/herðar/bóga. Þegar dómur hafi síðan verið birtur að loknum reiðdómi hafi sú einkunn verið 7,5. Fer Sigurður frammá að einkunin 8,0 verði látin standa.

Fagráð er sammála um að engar forsendur séu fyrir breytingu á endanlegri einkunn í umræddu tilviki.

Í dómskalanum þar sem fjallað er um einkunn fyrir háls/herðar/bóga segir ”Áður en einkunn fyrir háls, herðar og bóga er endanlega ákveðin skal dómnefnd skoða hvernig hrossinu nýtist frambyggingin í reið, hvað varðar fótaborð, framtak, reisingu og hnakkabeygju” með þetta í huga er augljóst að einkunn fyrir háls/herðar/bógar er ef því er að skipta aldrei lokuð fyrr en við reiðdóm þó sú hefð hafi skapast að aðeins lítið brot hálseinkunna sé höfð opin.

Hinsvegar er fagráð sammála um að þeirri góðu vinnureglu sé komið á við upplestur á einkunnum við sköpulagsdóm að þess sé skilyrðislaust getið ef einkunn er opin uppá við eða niðurá við fram í reiðdóm. En þeirri vinnureglu hafði ekki verið komið á í vor, enda um fyrsta ár nýrrar aðferðar á þessu sviði að ræða. Einnig er fagráð sammála um að heppilegra sé að hafa einkunn opna uppá við heldur en að taka til baka gefin ádrátt um hærri einkunn þó ekkert sé í reglum sem banni slíkt.

Guðlaugi falið að svara Sigurði.

### 3. Opið bréf til Fagráðs í hrossarækt.

Fomanni fagráðs hafði borist bréf sem einnig hafði birst sem opið bréf undirritað af Bjarna Þorkelssyni, Páli Braga Hólmarsyni, Vilhjálmi Þórarinssyni og Má Ólafssyni. Megin tilefni bréfsins er atvik sem varð við dóma á Selfossi 29. maí sl., þegar dómari varð uppvíis að óviðeigandi málflutningi í dómpalli.

Hvað varðar umrætt atvik á Selfossi hefur því verið lýst yfir í tilkynningu frá hrossaræktarráðunauti að það hafi verið óásættanleg framkoma af hálfu umrædds dómara.

Í bréfinu eru reyfaðir ýmsir þættir kynbótastarfsins sem bréfriturum þykir mega betur fara.

Fagráð tekur undir að kynbótastarfið þurfi sífellt að vera til skoðunar og eflaust megi þar ýmislegt betur fara. Hinsvegar sé það ekki hlutverk fagráðs að taka efnislega til umfjöllunar einstaka þætti á þessu stigi málsins heldur sé þeim vísað í hefðbundinn farveg umræðna og tillögugerðar þ.e. til umræðu meðal hrossaræktenda á haustfundum aðildarfélaganna Félags hrossabænda og svo á aðalfundi félagsins eftir því sem verða vill þegar mótaðar tillögur hafa verið lagðar fram. Þá sé tillögum þaðan vísað til fagráðs og síðan áfram til aðalfundar FEIF eftir því sem ákveðið er. Guðlaugi falið að setja saman drög að svarbréfi á þessum grunni sem lagt verði fyrir fagráðsfólk.

### 4. Önnur mál.

- a) Staða mála varðandi val kynbótahrossa á HM.  
Guðlaugur gerði fagráði grein fyrir stöðunni en eftir rúma viku eða 10. júlí næstkomandi verður landsliðið kynnt.
- b) Fyrstu drög að dagskrá LM 2014.  
Guðlaugur hafði 25. júní síðastliðinn setið fund með fulltrúum LH þar sem lögð voru grunndrög að dagskrá væntanlegs landsmóts á Gaddstaðflötum 2014. Kynnti hann drögin fyrir fagráði og voru fagráðsmenn jákvæðir á þetta fyrsta uppkast.
- c) Bréf hafði borist í gærkvöldi frá stjórn Hrossaræktarsamtaka Suðurlands. Í bréfinu vitnar stjórnin til fyrrnefndarar uppákomu við dóma á Selfossi og hvetur fagráð til viðeigandi og nauðsynlegra aðgerða. Er það mat stjórnar HS að setja þurfi skýrar vinnu- og siðareglur gagnvart starfi kynbótadómara þar sem tekið sé á hagsmunatengslum og vinnufyrirkomulagi við dóma auk nákvæmari skilgreiningu á hlutverki formanns dómnefndar.  
Fagráð fagnar bréfi Hrossaræktarsamtaka Suðurlands og telur það gott innlegg í umræður á haustfundum á þessum vettvangi.

Margvísleg umræða spannst í fagráði um dómaramál og fyrirkomulag kynbótasýninga. Guðlaugur kynnti m.a. fyrir fundarmönnum hvaða siðareglur hefðu verið settar á sínum tíma varðandi vanhæfi dómara og væru þær í fullu gildi auk þess sem hann sagði frá væntanlegum greinarskrifum um dómamál á síðum Eiðfaxes. Engin formleg niðurstaða var bókuð úr þessum umræðum.

Karvel L. Karvelsson framkvæmdastjóri RML mætti til fundarins og tekin var af því tilefni margvísleg umræða um dómaramál, fyrirkomulag kynbótasýninga og sýningagjöld.

Fleira ekki tekið fyrir.  
Fundi slitið kl. 16:30.

---

Guðlaugur V. Antonsson  
ritari fagráðs í hrossarækt.